

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.
Ársreikningur
2025

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.
Skiopholti 50B
105 Reykjavík
kt. 430403-3110

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.

Ársreikningur

2025

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7-9
Sundurliðanir	10-11

Áritun óháðs endurskoðanda

Til hluthafa og stjórnar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 13. maí 2026.

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Ársreikningur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. fyrir árið 2025 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Starfsemi félagsins felst í menntun og fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur félagsins námu 289,6 millj. kr. á árinu 2025 (2024: 280,9 millj. kr.) og hækkuðu því um 8,7 millj. kr. milli ára eða um 3,1%. Hagnaður félagsins á árinu 2025 nam 4,6 millj. kr. (2024: hagnaður að fjárhæð 6,2 millj. kr.). Eigið fé félagsins nam 27,2 millj. kr. í árslok (árslok 2024: 22,6 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé að nafnverði 625.000kr. (2024: 625.000kr.). Í árslok var eiginfjárlutfall félagsins 27,8% (árslok 2023: 25,5%).

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 11,8 (2024: 13,46).

Hluthafar

Í upphafi og lok ársins voru fimm hluthafar í félaginu:

	Hlutdeild	Hlutir
Samtök atvinnulífsins.....	40%	250.000
Alþýðusamband Íslands.....	40%	250.000
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.....	10%	62.500
Samband íslenskra sveitarfélaga.....	5%	31.250
Ríkissjóður Íslands (Fjármála- og efnahagsáðuneytið).....	5%	31.250
Samtals.....	100%	625.000

Stjórn og framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. maí 2026.

Í stjórn

Sara Dögg Svanhildardóttir

Maj Britt Hjördís Briem

Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Einar Mar Þórðarson

Fríða Rós Valdimarsdóttir

Hulda B. Kjærnested Baldursdóttir

Jóna Jónsdóttir

Óskar Hafnfjörð Gunnarsson

Framkvæmdastjóri

Hildur Betty Kristjánsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Framlag ríkissjóðs		159.900.000	156.600.000
Verkefnatekjur		129.741.624	124.343.452
Verkefnakostnaður		(99.315.395)	(82.595.953)
Laun og launatengd gjöld	4	(142.529.207)	(144.820.627)
Annar rekstrarkostnaður		(47.577.313)	(51.444.446)
Afskriftir	5	0	(16.190)
Rekstrarhagnaður		<u>219.709</u>	<u>2.066.236</u>
Vaxtatekjur		5.403.177	6.316.794
Vaxtagjöld		(61.084)	(24.811)
Gengismunur		233.458	(774.720)
Fjármagnstekjuskattur		(1.188.696)	(1.389.693)
		<u>4.386.855</u>	<u>4.127.570</u>
Rekstrarafgangur ársins	6	<u><u>4.606.564</u></u>	<u><u>6.193.806</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	359.965	359.965
		<u>359.965</u>	<u>359.965</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		2.784.029	276.594
Handbært fé		94.915.629	88.163.259
		<u>97.699.658</u>	<u>88.439.853</u>
Eignir		<u>98.059.623</u>	<u>88.799.818</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé		625.000	625.000
Lögbundinn varasjóður		156.250	156.250
Óráðstafað eigið fé		26.458.943	21.852.379
Eigið fé	6	<u>27.240.193</u>	<u>22.633.629</u>
Skammtímaskuldir			
Fyrirframinnheimtar tekjur vegna verkefna		29.674.840	34.809.196
Fyrirfram innheimt framlög vegna Fræðslusjóðs		5.000.000	3.333.000
Aðrar skammtímaskuldir		36.144.590	28.023.993
		<u>70.819.430</u>	<u>66.166.189</u>
Skuldir		<u>70.819.430</u>	<u>66.166.189</u>
Eigið fé og skuldir		<u>98.059.623</u>	<u>88.799.818</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Skipholti 50B, 105 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2025	2024
Laun og annar starfsmannakostnaður	142.529.207	144.820.627
Meðalfjöldi stöðugilda	13	13

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð		
Staða 1.1.2024	3.599.648	3.599.648
Staða 1.1.2025	3.599.648	3.599.648
Staða 31.12.2025	3.599.648	3.599.648
Afskriftir		
Staða 1.1.2024	3.160.393	3.160.393
Afskrift ársins	63.100	63.100
Staða 1.1.2025	3.223.493	3.223.493
Afskrift ársins	0	0
Staða 31.12.2025	3.223.493	3.223.493
Bókfært verð		
Staða 1.1.2024	439.255	439.255
Staða 1.1.2025	376.155	376.155
Staða 31.12.2025	376.155	376.155
Afskriftarhlutföll	35%	

Skýringar

6. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok	625.000	100,0%	625.000
	625.000	100,0%	625.000

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 625.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Eigið fé greinist þannig:	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2024	625.000	156.250	15.658.573	16.439.823
Hagnaður/(tap) ársins			6.193.806	6.193.806
Eigið fé 1.1.2025	625.000	156.250	21.852.379	22.633.629
Hagnaður/(tap) ársins			4.606.564	4.606.564
Eigið fé 31.12.2025	625.000	156.250	26.458.943	27.240.193

7. Leigusamningar

Félagið hefur gert rekstrarleigusamning um leigu á fasteign sem ekki eru færð í efnahagsreikning. Samningsbundinn leigutími fasteignarinnar rennur út í lok árs 2035. Gjaldfærðar leigugreiðslur námu 15,4 milljónum króna á árinu (2024: 13,7 milljónir) og eru framsettar í línunni annar rekstrarkostnaður í rekstrarreikningi.

8. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringa eða breytinga á ársreikningi ársins 2025.

9. Reikningsskilaaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til fyrirtækisins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Verkefnatekjur

Tekjur og gjöld eru færð í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu hvers verksamnings, ef hægt er að meta verkstöðu með áreiðanlegum hætti. Félagið notar áfangainnlausn tekna til að ákvarða hversu stóran hluta af heildartekjum skal færa á hverju tímabili. Framvinda verksins er metin með hliðsjón af hlutfalli áfallins kostnaðar af heildarkostnaði hvers samnings á reikningsskiladegi.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Skattamál

Félagið er framtalsskytt, en ekki skattskytt, og kemur því ekki til álagningar tekjuskatts.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á sóludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókom félagsins.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Sundurliðanir

Verkefnatekjur

	2025	2024
Sértekjur	23.158.153	9.163.976
Norrænt net	7.268.080	8.818.416
NVL - Ísland	0	1.672.259
NLL - Ísland	2.503.056	0
NVL - Ráðgjafar	2.744.047	4.717.972
NLL - Ráðgjafar	3.243.857	
NVL - formennskuár	0	2.448.076
Erasmus - starfsþróun	1.120.531	491.226
Færni á vinnumarkaði	29.657.618	32.949.779
NOVA	0	3.493.261
I.S.P.	0	3.459.225
Þáttt.gj. v./EQM	3.162.475	6.941.146
Hæfnisetur ferðþjónustunnar	56.883.807	50.188.116
	<u>129.741.624</u>	<u>124.343.452</u>

Verkefnakostnaður

	2025	2024
NVL - Ísland	0	1.672.259
NLL - Ísland	2.503.056	
NVL - ráðgjafar	2.744.047	4.717.972
NLL - ráðgjafar	3.243.857	
NVL - formennskuár	0	448.076
Erasmus - starfsþróun	1.120.531	491.226
I.S:P	0	687.383
Færni á vinnumarkaði	29.657.618	26.449.779
EQM úttekt	3.162.475	2.441.146
Hæfnisetur ferðþjónustunnar	56.883.811	45.688.112
	<u>99.315.395</u>	<u>82.595.953</u>

Verkefnakostnaður Hæfnisetur ferðþjónustunnar

	2025	2024
Hlutdeild í launum	47.730.953	39.676.592
Annar kostnaður	2.250.724	1.545.186
Kynningarkostnaður	1.366.837	1.262.912
Ferðakostnaður	1.270.342	44.782
Hæfni.is	4.264.955	3.158.640
	<u>56.883.811</u>	<u>45.688.112</u>

Sundurliðanir

Annar rekstrarkostnaður

	2025	2024
Húsaleiga	15.469.353	13.644.451
Rekstur og breytingar húsnæðis	5.197.222	5.540.112
Sími og internet	83.649	100.446
Burðargjöld	0	5.006
Pappír, prentun og ritföng	639.345	462.463
Bækur, blöð og tímarit	66.354	41.238
Auglýsingar og styrkir	611.089	2.064.655
Rekstur og innkaup tölvubúnaðar	6.305.281	5.513.659
Rekstur nemendabókhalds	6.859.016	6.408.496
Endurskoðun og reikningsleg aðstoð	3.736.354	5.270.236
Sérfræðipjónusta	1.682.506	4.682.090
Félags- og aðildargjöld	79.500	78.650
Ferðakostnaður	1.676.712	2.486.867
Fundakostnaður	564.120	968.742
Rekstur kaffistofu	2.342.766	2.001.850
Gjaldfærð áhöld og tæki	755.874	0
Annar starfsmannakostnaður	1.616.893	1.592.784
Ýmis annar kostnaður	(108.721)	582.701
	47.577.313	51.444.446

Fyrirframinnheimtar tekjur vegna verkefna

	2025	2024
NVL laun	1	1
NVL-Biennalen	1.076	1.076
Erasmus - starfsþróun	686.527	1.807.058
NVL Ísland	50.734	50.734
NLL Ísland	(2.503.056)	
Com(m)-online	(250.913)	(250.913)
NVL ráðgjöf	0	2.796.550
NLL ráðgjöf	5.549.143	
NVL-formennskuár	1.915.754	1.915.754
NVL - annað norrænt samst.	1.840.408	1.840.408
Transval-EU	3.008.630	3.008.630
EA-Pro Evrópuv.	44.744	44.744
Carrier Change - Nordplus	1.317.673	1.317.673
Næsta skref	83.917	83.917
Færni á vinnumarkaði	5.787.603	11.335.221
EQM	5.130.115	2.929.590
Hæfnisetur ferðapjónustunna	7.012.484	7.928.753
	29.674.840	34.809.196

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Lánardrottinnar	4.067.187	4.074.966
Ógreiddir reikningar	6.123.387	(310.237)
Ógr. kreditkort	1.534.500	912.319
Ógreidd laun	(2.500)	(2.500)
Ógreiddur lífeyrissjóður	2.658.997	2.542.406
Ógreidd sjóðagjöld	298.763	292.028
Ógreidd staðgreiðsla	3.315.014	3.191.111
Ógreiddir skattar utan staðgreiðslu	142.300	0
Starfsmannasjóður	756.850	176.484
Áunnið orlof fastra starfsmanna	14.517.470	15.800.205
Ógreitt tryggingargjald	946.195	929.103
Reiknaðir skattar ársins	1.786.427	418.108
	36.144.590	28.023.993